

Ed.

730. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 18 31. maí 1927, um iðju og iðnað.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Málsliður 1. b. í 14. gr. laganna orðist svo:

hefir haft félagsréttindi í sveinafélagi í iðn sinni fyrir 1. jan. 1930.

2. gr.

Aftan við 18. gr. laganna bætist ný málsg., svo hljóðandi:

Iðnbréf og heimild til þess að taka nemendur til verklegs náms, sem veitt er samkvæmt þessari grein, gildir aðeins innan þess lögsagnarumdæmis, þar sem það er gefið út.

3. gr.

Aftan við 21. gr. laganna komi ný grein, er verður 22. gr., þannig:

Í hverjum kaupstað skal vera iðnráð. Skulu lögreglustjórar að jafnaði leita umsagnar iðnráðanna um þau mál, er undir þá falla samkvæmt II. kafla þessara laga og samkvæmt löggjöfinni um iðnaðarnám.

Ráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um kosningu iðnráða og nánari ákvæði um starfssvið þeirra.